



ORKUSTOFNUN  
Raforkudeild

MÁ EKKI FJARLÆGJA

# Reykjavíkurborg

## GARÐYRKJUSTÖÐ Í LAUGARDAL

COBRA BORUN

í janúar 1978

Ágúst Guðmundsson

OS ROD 7803

JAN.1978

Vegna fyrirhugaðrar byggingar á skemmu við Garðyrkjustöð Reykjavíkurborgar í Laugardal voru boraðar 9 holur með Cobraþor.

Aðeins má líta á borun með litlum jarðvegshöggbor, svo sem þeim er hér um ræðir sem forkönnun en eftirfarandi upplýsingar fást þó:

Borhraði gefur til kynna (að vísu nokkuð gróflega) þéttleika og þá burðarþol þess jarðvegs sem borað er í. Borhraðinn er mældur á þann hátt að mældur er sá tími sem það tekur borinn að fara 20 cm. Ef borhraðinn er um 10 sek/20 cm eða hægari má gera ráð fyrir að jarðvegurinn beri uppi um  $1 \text{ kg/cm}^2$ , sem er um það bil nægilegt til þess að bera uppi byggingar á við flest einbýlishús.








Við þessar boranir bendir borhraðinn til þess að niður á 4 m dýpi sé mýrarjarðvegur en síðan taki ýmist við móbella eða mól. Ef reisa skal byggingar á svæðinu má gera ráð fyrir að grafa þurfi niður á 4 m dýpi og skipta um jarðveg. Þar sem borhraðinn neðan 4 m dýpis í holum CL01 og CL03 bendir til þess að þar séu malarlög ofan á Móhellunni þykir rétt að benda á að grafa gryfju niður í malarlagið til þess að kanna þéttleika þess.


Staðsetning holanna var mæld með málbandi og gróðurhúsin notuð sem viðmiðunarpunktur.

Vegna byggingar bílastæðis á mýrarjarðvegi sem þessum, er líklega bezt að hafa samráð við byggingarverkfræðing sem gæti út frá fyrirliggjandi upplýsingum sagt fyrir um hve mikið þyrfti að grafa út vegna undirbyggingar undir bílastæði. Venjulega er í slíkum tilfellum grafið niður á 0,8 til 1 m dýpi og síðan fyllt upp með "grús".

Allar frekari upplýsingar skulu góðfúslega veittar.

Ágúst Guðmundsson s.17416.





CL.01

CL.03

CL.09

CL.02


CL.04

CL.08

CL.05

CL.06

CL.07



10m